

### Vallarrýgresi (*Lolium perenne*)

Enska; Perennial Ryegrass, danska; Almindelig Rajgræs, norska; Raigras, sænska; Engelskt rajgräs

#### Tegundalýsing og kjörlendur

Vallarrýgresi (fjölært rýgresi) er fjölært lausþýft og blaðríkt axgras. Axið getur náð allt að 30 cm lengd. Hvert smáax inniheldur 3-10 blóm og eru neðstu blómin með tvær axagnir en önnur blóm hafa eina axögn. Stráin eru gisin og svög. Axberandi strá ná allt að 90 cm hæð. Blöðin eru dökkgræn, vaxkennd, flöt og glansandi á neðra borði en ríffluð á efra borði. Slíðurhimnan er 0,5-2,0 mm á lengd. Rótarkerfið er öflugt.

Vallarrýgresi finnst sem slæðingur í byggð og við grasflatir og ræktunarlönd. Finnst annars eingögnu í sáðsléttum. Vallarrýgresi er lang útbreiddasta og mikilvægasta ræktaða fóðurgrasið í tempraða hafræna hluta heimsins.

#### Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Vallarrýgresi er frekar ný tegund í túnrækt á Íslandi. Það er afar gott fóðurgras og stafa vinsældir þess einkum af því að saman fara mikil vaxtargeta (uppskera) og orkuríkt fóður. Það er gott til beitar og sláttar og gefur einstaklega mikinn endurvöxt. Vegna vaxhúðar á blöðum er erfitt að vallþurrka rýgresið. Það er með veikan stoðvef og leggst auðveldlega en við það hægist á vextinum. Því er mikilvægt að slá það eða beita áður en það fer í legu. Fóðrunarvirði vallarrýgresis er mjög hátt eða svipað og vallarfoxgrass og það gefur sambærilega eða heldur meiri þurrefnisuppskeru. Vetrarþol er hins vegar mjög takmarkað og það er seint af stað á vorin. Líkt og í öðrum fóðurgrosum fellur fóðurgildi vallarrýgresis við skrið.

#### Ræktunarleiðbeiningar

Vallarrýgresi þarf frjósaman moldríkan og vel framræstan jarðveg. Vegna takmarkaðs endingar hentar vallarrýgresi best í sáðskiptakerfum og hugsanlega í blöndu með vallarfoxgrasi eða rauðsmára. Þúsundkorna þyngd er um 2 g og ráðlagt sáðmagn í hreinrækt er um 30 kg á ha. Upplýsingar um heppileg yrki er að finna í "Nytjaplöntur á Íslandi" (vefrit LbhÍ og BÍ). Fræið spirar nokkuð hratt og getur gefið ágæta uppskeru sáðárið. Æskilegur sáðtími er í maí. Mikilvægt er að vanda jarðvinnslu með góðri plægingu sem grefur djúpt rötarskot og -hnausa af grasillgresi eins og snarrót. Sáðdypt er 1-2 sm og sáðbeðið á að vera mjög þétt, slétt og finunnið. Best er að sá á yfirborðið og valta strax á eftir. Vallarrýgresi er frekar áburðarfrekt og svarar vel áburði á milli slátta. Upplýsingar um áburðaskammta í túnrækt má finna í Handbók bænda.

